

1608212 – 28. október 2016

Skarðshlíð 1. áfangi, fjöleignarhús tilboð.

I.

Tilboð í Skarðshlíð 1. áfanga, fjöleignarhús voru opnuð 20. september 2016 kl. 12:00.

Hæstu tilboð í lóðirnar sex bárust frá félögunum Nesnúpi ehf og VHE ehf, kr. 4.897.500 pr. 75 m² íbúð. Félögin skipta á milli sín að eiga hæsta tilboð í hverja lóð.

Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf. á næst hæsta tilboð í tvær lóðir af 6 kr. 4.574.787 pr. 75 m² íbúð í Geislaskarð 2 og kr. 4.575.00 pr. 75. m² íbúð í Stuðlaskarð 9.

II.

Félögin Nesnúpur ehf og VHE ehf eru í eigu sömu aðila og sami aðili er eigandi að 80% hlutfjár í báðum félögunum.

Nesnúpur ehf og VHE ehf vinna náið saman sbr. upplýsingar frá meirihluta eiganda félaganna. Starfsemi Nesnúps ehf felst aðallega í fasteignarekstri og fjárfestingum. VHE ehf hefur unnið að byggingarframkvæmdum fyrir hönd Nesnúps ehf.

Í úthlutunarskilmálum er ákvæði um að bærinn áskilji sér rétt til að úthluta ekki öllum lóðum til sama aðila.

III.

Hæstbjóðendur hafa lagt fram öll gögn sem áskilið er í tilboðs- og úthlutunarskilmálum. Til viðbótar hefur verið lögð fram verkáætlun.

Nesnúpur ehf og VHE ehf eru eins og áður segir í eigu sömu aðila og sami aðili er meirihluta eigandi í báðum félögnum. Þá vinna félögin náið saman. Rétt er að líta svo á að um sama aðila sé að ræða.

Lagt er til að ákvæði 7. gr. tilboðsskilmála um að úthluta ekki öllum lóðum til sama aðila verði nýtt. Verður það talið hagkvæmara fyrir bæjarfélagið og með því verði uppbygging í hverfinu hraðari.

Í úthlutunarskilmálum er heimildarákvæði lóðarhafa til framsals á byggingarrétti. Þar sem litið er á VHE ehf og Nesnúp ehf sem sama aðila er lagt til að VHE ehf framselji tilboð sín til Nesnúps ehf vegna Bergsskarðs 1 og Apalskarðs 6 og þar með verður viðsemjandi bæjarins Nesnúpur ehf.

Lagt er til að Nesnúpi ehf verði úthlutað lóðunum Geislaskarði 2, Bergsskarði 1, Apalskarði 2 og Apalskarði 6. Tilboðsverð er kr. 4.897.500 fyrir allt að 75 m² íbúð.

V.

Byggingarfélag Gylfa og Gunnar hf. var með næst hæsta tilboð í Stuðlaskarð 9 kr. 4.575.000 fyrir allt að 75 m² íbúð og 3ja hæsta tilboð í Stuðlaskarð 1, kr. 4.312.500 fyrir allt að 75 m² íbúð.

Lagt er til að Byggingarfélagi Gylfa og Gunnars hf. verði úthlutað lóðunum Stuðlaskarði 1 og 9.

Kristján Sturluson, sviðsstjóri stjórnslusviðs

Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis og skipulagsþjónustu

Sigríður Kristinsdóttir, bæjarlögmaður